



SAMRÆMD STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR VERSLUN MEÐ MERKINGARSKYLDAR EFNAVÖRUR, ÞAR MEÐ TALDAR SNYRTIVÖRUR.

Samanber 4. gr. laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum
Atvinnugreinaflokkur 74-70

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eiga við um verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni og/eða verslun með snyrtivörur. Með verslun er átt við heildsölu og smásölu.
- 1.2 Óheimilt er að hefja annars konar starfsemi sem krefst starfsleyfis eða breyta núverandi starfsemi án þess að hafa samráð við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

2. Ábyrgð

- 2.1 Rekstraraðili ber ábyrgð á að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum heilbrigðiseftirlits.
- 2.2 Ábyrgðin er bæði gagnvart viðskiptavinum, eigin heilbrigði og heilbrigðisyfirvöldum. Starfsfólk á að kunna góð skil á umgengni við efni og efnavörur sem verslað er með, þannig að öryggi þeirra og viðskiptavina sé tryggt. Upplýsinga er hægt að leita hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og Umhverfisstofnun.

3. Kröfur sem þarf að uppfylla fyrir verslun með hættuleg efni og eiturefni

- 3.1 Merking og flokkun eiturefna og hættulegra efna og vara sem innihalda slík efni skal vera í samræmi við reglugerð nr. 236/1990¹. **Varnaðarmerkingar hættuflokkaðra efnavara eiga að vera á íslensku.** Til að merkja rétt þarf innflytjandi eða framleiðandi að merkja umbúðir vörunnar í samræmi við innihald vörunnar. Innflytjandi/seljandi þarf að útvega öryggisblöð (Material & Safety Data Sheets) frá framleiðanda² fyrir fagmenn eða í atvinnuskyni. Í öryggisblöðum eiga koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um vöruna þ.á.m. hvað varðar flokkun og merkingu hennar sem og förgun.
- 3.2 **Umbúðir skulu vera í lagi.** Vel luktar, þéttar, leysast ekki upp af innihaldi, vandaðar og sterkar. Öryggislok og áþreifanleg viðvörum skal vera á umbúðum tiltekinna efnavara³.
- 3.3 **Hættuflokkaðar efnavörur skal ætíð geyma á tryggan hátt** þar sem börn ná ekki til og fjarri matvælum, fóðurvörum, lyfjum og öðrum slíkum vörutegundum. Þetta á einnig við um uppstillingu í verslun. Tryggja skal að hættuleg efni og eiturefni geti ekki borist í niðurföll.
- 3.4 **Bannað er að selja vöru sem hefur verið flokkuð sem eitur eða sterkt eitur á almennum markaði.** Sótt er um innflutnings- og söluleyfi hjá umhverfisráðuneytinu til að selja fagmönnum eiturefni. Meðal skilyrða til að selja eiturefnavörur er að þær skulu rétt merktar sbr. 3.1 og geymdar í læstri loftræstri geymslu. Kaupendur eiturefna skulu framvísa eiturefnaleyfi frá Vinnueftirliti ríkisins eða eiturbeiðni frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Jafnframt skal sjá um að þar til gerðar sölubækur séu færðar og frumrit send Umhverfisstofnun í lok hvers árs. Nánari upplýsingar um sölu

¹ Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum

² Reglugerð nr. 1027/2006 um öryggisblöð

³ Reglugerð nr. 155/2000 um öryggislok og áþreifanlega viðvörum

og útlát eiturfna eru í reglugerð nr. 39/1984⁴, í lögum nr. 52/1988⁵ og í leyfi umhverfisráðuneytisins til innflutnings og/eða sölu á eiturfnum.

- 3.5 Skila skal **spilliefnum** (hættulegum efnaúrgangi) til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 3.6 Söluaðilum er einnig skylt að fylgja **öðrum reglugerðum** sem tengjast verslun með hættuleg efni og eiturfni⁶. Bent er sérstaklega á í þessu sambandi einstakar reglugerðir hvað varðar bönn og takmarkanir. Ennfremur er mikilvægt að hafa í huga að laga- og reglugerðarumhverfið er stöðugt í endurskoðun og breytingar eða viðbætur ekki óalgengar hvað það varðar.

4. Kröfur sem þarf að uppfylla fyrir verslun með snyrtivörur

- 4.1 Eftirfarandi upplýsingar þurfa að vera til staðar á íláti eða umbúðum snyrtivara samanber reglugerð um snyrtivörur⁷:
 - Merkingar skulu ávallt vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli (öðru en finnsku).
 - Nafn og heimilisfang framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu.
 - Nettómagn vörunnar (kg, g, l, ml).
 - Fyrningardagsetning fyrir vörur með minna geymsluþol en 30 mánuði.
 - Sérstakar varúðarráðstafanir sem viðhafa skal við notkun – alltaf á íslensku.
 - Númer framleiðslulotu eða framleiðslunúmer.
 - Tilætluð notkun vörunnar.
 - Innihaldsefni vörunnar í röð eftir minnkandi magni. Innihaldsefni skal gefa upp með heiti í nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara INCI (International Nomenclature Cosmetic Ingredients) eða öðrum alþjóðlegum nafnakerfum, sjá nánar í snyrtivörureglugerð.
- 4.2 Ef um er að ræða snyrtivörur sem innihalda hættuleg efni eða eiturfni er flokkun og merking á íslensku í samræmi við reglugerð nr. 236/1990. Undantekning eru efni sem heyra undir Viðauka 3 og skulu þá merkingar vera í samræmi við viðaukann. Snyrtivörur í úðabrusum undir þrýstingi skulu þá sérmerkingu á íslensku í samræmi við reglugerð nr. 236/1990.
- 4.3 Í viðaukum með reglugerð um snyrtivörur er leiðbeinandi listi yfir hvað flokkast sem snyrtivörur, listi yfir efni sem óheimilt er að nota í snyrtivörur, listi yfir efni sem leyfð eru með ákveðnum skilyrðum, litarefni leyfð í snyrtivörur, rotvarnarefni leyfð í snyrtivörur, efni sem leyfð eru til síunar útfjólublárra geisla. Að auki eru fjórir viðaukar sem fjalla um merkingar og greiningaraðferðir snyrtivara. Verslun með snyrtivörur er skylt að uppfylla kröfur viðauka snyrtivörureglugerðarinnar.

Reglugerðir tilgreindar í starfsleyfissskilyrðum þessum má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar; www.ust.is. Útprentuð eintök má einnig nálgast hjá stofnuninni. Ennfremur er þar til staðar leiðbeiningabæklingur um merkingu hættulegra efna, útgefinn 2001.

⁴ Reglugerð nr. 39/1984 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa

⁵ Lög nr. 52/1988 um eiturfni og hættuleg efni

⁶ Sjá nánar í greinargerð sem fylgja starfsleyfissskilyrðunum

⁷ Reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur, ásamt síðari breytingum

Greinargerð með starfsleyfisskilyrðum fyrir verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eitrefni og verslun með snyrtivörur

Helstu ástæður fyrir því að verslanir með vörur sem innihalda hættuleg efni og eitrefni og verslanir með snyrtiefni þurfa starfsleyfi eru:

- Til að koma í veg fyrir óhöpp og slys á fólki af völdum hættulegra efna og eitrefna.
- Til að tryggja að þeir sem selja slíkar vörur hafi ákveðna lágmarksþekkingu.
- Koma í veg fyrir misnotkun efna.
- Fyrirbyggja umhverfisslys.
- Tryggja réttar merkingar á umbúðum.
- Hafa aðhald með þeim sem starfa með hættuleg efni.
- Tryggja að eftirlit og viðeigandi gögn séu til um notkun hættulegra efna og eitrefna á Íslandi.

Lagastoð:

Samkvæmt breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 7/1998 um *hollustuhætti og mengunarvarnir* í maí 2002 (lög nr. 98/2002) skal sú starfsemi sem skráð er í fylgiskjali III með lögnum hafa starfsleyfi sem gefið er út af heilbrigðisnefnd. Í fylgiskjali III með lögnum er tilgreind verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eitrefni og verslun með fegrunar- og snyrtiefni. Starfsleyfisskilyrði þessi eiga sér stoð í þessum lögum, ásamt eftirtöldum lögum og reglugerðum: lögum nr. 52/1988 um *eitrefni og hættuleg efni* og reglugerð nr. 941/2002 um *hollustuhætti*. Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund, skilyrði, gildistíma og endurskoðun. Heilbrigðisnefnd ákveður til hve langs tíma starfsleyfi er gefið út en mælt er með 12 ára gildistíma starfsleyfis. Ef það er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það að jafnaði á fjögurra ára fresti.

Nánar um hvert ákvæði:

1. Gildissvið:

- 1.1 Samkvæmt breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 7/1998 um *hollustuhætti og mengunarvarnir* í maí 2002 (lög nr. 98/2002) skal starfsemi sem er skráð í fylgiskjali III hafa starfsleyfi sem gefið er út af heilbrigðisnefnd. Skilyrði fyrir “verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eitrefni og verslun með eitrefni” eru gerðar samkvæmt þessum breytingum. Með verslun er átt við heildsölu og smásölu, og þar af leiðandi innflutning í tengslum við sölu á þessum eignum.
- 1.2 Óheimilt er að hefja annars konar starfsemi sem krefst starfsleyfis eða breyta núverandi starfsemi án þess að hafa samráð við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Heilbrigðisnefnd metur þá hvort þurfi nýtt starfsleyfi, breytt eða hvort starfsemi er bætt við gildandi starfsleyfi.

2. Ábyrgð:

- 2.1 Rekstraraðili ber samkvæmt öðrum lögum og reglugerðum ábyrgð á starfseminni gangvart ríki, sveitarfélögum og starfsmönnum fyrirtækisins.
- 2.2 Til að tryggja öryggi neytenda og starfsmanna fyrirtækisins skal starfsfólk kunna góð skil á umgengni og meðhöndlun varanna sem verslað er með. Æskilegt er að starfsmenn fyrirtækja sækja sér fræðsluefni og námskeið sem er í boði.

Sjá nánar í III. Kafla í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

3. Sértekjar kröfur fyrir verslun með hættuleg efni.

- 3.1 Reglugerð nr. 236/1990 fjallar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni. Í 20. gr. reglugerðarinnar segir: Innlendir framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili er ábyrgur fyrir að umbúðir fyrir slík efni séu rétt merktar, áður en vörunni er dreift til sölu eða notkunar. Þá er söluaðila óheimilt að selja ofangreindar vörutegundir, ef umbúðir eru vanmerktar.
Umbúðir hættuflokkaðra efna og efnavara skal merkja með viðeigandi varnaðarmerki og hættu- og varnaðarsetningum í samræmi við fylgiskjöl 1, 2, 3 og 4 í reglugerð nr. 236/1990. Til að merkja rétt þarf innflytjandi eða framleiðandi að merkja umbúðir samkvæmt innihaldi. Innflytjandi/seljandi þarf að útvega öryggisblöð (Material Safety Data Sheets, MSDS) frá framleiðanda (sjá reglugerð nr. 1027/2005 um öryggisblöð). Í öryggisblöðum eiga að koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um vöruna þ.á.m. hvað varðar flokkun og merkingu hennar.
- 3.2 Fyrirtækið skal sjá til þess að allar umbúðir sem innihalda merkingarskyldar vörur skv. reglugerð nr. 236/1990 séu í lagi. Ekki má láta viðskiptavinum í té efnavörur ef hætta er á að geti lekið eða gufað upp úr umbúðunum. Varðandi öryggislok og áþreifanlega viðvörun gildir reglugerð nr. 155/2000.
- 3.3 Samkvæmt 26. gr. reglugerðar nr. 236/1990 skal geymsla á merkingarskyldum efnavörum vera þannig að sem minnst hætta stafi af, þar sem börn ná ekki til og ekki nálægt matvælum, fóðurvörum, lyfjum eða öðrum slíkum vörutegundum.
- 3.4 Vörur sem eru flokkaðar sem eitur eða sterkt eitur (T eða T_x) er bannað að selja á almennum markaði. Sérstakt leyfi (gefið út af umhverfisráðuneytinu) þarf til að flytja inn og/eða selja T-merktar vörur. Meðal skilyrða til að selja eiturefnavörur er að þær skulu merktar samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 og geymdar í læstri geymslu. Kaupendur skulu við kaup eiturefna framvísa eiturefnaleyfi frá Vinnueftirliti ríkisins eða eiturbeiðni frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Jafnframt skal sjá um að þar til gerðar sölubækur séu færðar og frumrit sent Umhverfisstofnun í lok hvers árs. Nánar er um sölu og útlát eiturefna í reglugerð nr. 39/1984 og í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og í leyfi umhverfisráðuneytisins til innflutnings og/eða sölu og á heimasíðu Umhverfisstofnunar ust.is. Til að koma í veg fyrir að hættuleg efni berist í fráveitur ef til þess kemur að ílát umhverfisskaðlegra efna rofni eða fari að leka skal tryggja að hættuleg efni og eiturefni geti ekki borist í niðurföll.
- 3.5 Skila skal spilliefnum (hættulegum efnaúrgangi) til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni. Þetta á við til dæmis þegar efnavara er bannvara, úreldest, skemmist, selst ekki eða þarf að farga af einhverjum öðrum orsökum. Sjá nánar í reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.6 Söluaðilum er einnig skylt að fylgja **öðrum reglugerðum** sem tengjast verslun með hættuleg efni og eiturefni. Bent er sérstaklega á í þessu sambandi einstakar reglugerðir hvað varðar bönn og takmarkanir. Enn fremur er mikilvægt að hafa í huga að laga- og reglugerðarumhverfið er í stöðugri endurskoðun.

Listi yfir helstu reglugerðir í sambandi við sölu eiturefna og hættulegra efna

Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum.

Reglugerð nr. 1027/2005 um öryggisblöð.

- Reglugerð nr. 615/1999 um takmörkun á markaðssetningu lampapolíu, skrautmuna, leikfanga og spaug- eða gabbvarnings með tilteknum efnum.
- Reglugerð nr. 903/2002 um málningu og viðarvörn.
- Reglugerð nr. 1025 um um rokgjörn lífræn efnasambönd í málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja.
- Reglugerð nr. 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna ásamt síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 196/1987 um takmörkun sölu á kveikjaragasi.
- Reglugerð nr. 464/2001 um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum.
- Reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna ásamt síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 728/2004 um fljótandi eldsneyti.
- Reglugerð nr. 946/1999 um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum.
- Reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu, með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 230/1998 um tiltekin efni sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum.
- Reglugerð nr. 196/2000 um takmörkun á framleiðslu, innflutningi og dreifingu leikfanga og hluta sem í eru þalöt.
- Reglugerð nr. 39/1984 um útgáfu og afgangi eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa.
- Reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.
- Reglugerð nr. 150/2000 um öryggislok og ápreifanlega viðvörðun.
- Reglugerð nr. 872/2003 um takmörkun á notkun og markaðssetningu nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlata
- Reglugerð nr. 1101/2004 um markaðssetningu sæfiefna
- Reglugerð nr. 806/2004 um króm í sementi
- Reglugerð nr. 744/2003 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textíl- og leðurvörum

4. Sértaekar kröfur fyrir verslun með snyrtivörur.

Reglur um snyrtivörur er að finna í snyrtivörureglugerð nr. 748/2003, ásamt síðari breytingum.

- 4.1 Greinin tilgreinir hvernig snyrtivörur skulu merktar. Með sérstökum varúðarráðstöfunum er verið að vísa til ákvæða í viðauka 3, 5 og 6 um leiðbeiningar sem skylt er að standi á umbúðum. Reglur um að nota skuli INCI nöfn innihaldsefna eru skýrðar nánar í 9. gr. snyrtivörureglugerðar sem segir: *Innihaldsefni sem skráð eru á ílát og umbúðir skal tilgreina með heiti í samræmi við nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara INCI. Ef slíkt heiti er ekki til skal nota efnaheiti, CTFA⁸-heiti, heiti í Evrópsku lyfjaskránni, heiti samkvæmt tilmælum WHO⁹, EINECS¹⁰-, IUPAC¹¹-, CAS¹²- eða CI¹³-númer (litaskrárnúmer). Fyrir efnablöndur sem gefa ilm og angan og þau hráefni sem þær eru unnar úr skal nota orðin „ilmefni“ eða „lyktarefni“ („perfume“ eða „flavour“). Fyrir snyrtivörur sem framleiddar eru í*

¹ INCI: International Nomenclature Cosmetic Ingredient

⁸ CTFA: Cosmetic, Toiletry and Fragrance Association in USA

⁹ WHO: World Health Organization – Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

¹⁰ EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances (Evrópuskrá yfir markaðssett efni)

¹¹ IUPAC: International Union of Pure and Applied Chemistry

¹² CAS: Chemical Abstract Service

¹³ CI: Color-Index – Litaskrá, sbr. Rowe Index, 3. útgáfa, Society of Dyers and Colourists, Bradford, England 1979



mörgum litbrigðum er heimilt að skrá öll litarefni á merkimiðann, að því tilskildu að orðunum „getur innihaldið“ („may contain“) sé bætt við.

- 4.3 Leiðbeinandi listi um hvað flokkast sem snyrtivara er í viðauka 1 við reglugerðina, listi yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörur er í viðauka 2, efni sem leyfð eru með skilyrðum eru í viðauka 3, litarefnin eru í viðauka 4 en óheimilt er að nota önnur litarefni en þar koma fram. Sama gildir um rotvarnarefni í viðauka 5 og sólvarnarefni í viðauka 6. Að auki geta komið reglur um íslenskar áletranir við sum efnanna.